

Reykjavík, 24. nóvember 2022

Svar skipulagsfulltrúa við fyrirspurn íbúaráðs Laugardals

Deiliskipulag *Laugardalur* – *austurhluti* vegna smáhúsa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. nóvember 2022 var lagt fram bréf Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 16. nóvember 2022 vegna afgreiðslu íbúaráðs Laugardals frá fundi sínum 14. nóvember um að vísa erindi íbúa dags. 12. október 2022 um smáhýsi í Laugardal til umsagnar velferðarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn skipulagsfulltrúa

Þann 19. október 2021 samþykkti borgarstjórn tillögu að breytingu á deiliskipulags *Laugardals - austurhluta* vegna smáhúsa. Í deiliskipulagsferlinu fór umhverfis- og skipulagssvið yfir allar athugasemdir sem bárust á auglýsingartímanum og var þeim svarað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2021.

Í umsögninni er m.a. tekið undir mikilvægi Laugardals sem opið grænt útivistarsvæði í borginni og að tímabært sé að endurskoða skipulag Laugardals sem heild og marka skýra stefnu fyrir hann til framtíðar með áherslu á að efla Laugardal sem lykilsvæði fyrir íþróttastarf og annað þess háttar. Þótt breytingar á deiliskipulagsáætlunum séu í eðli sínu ekki tímabundnar, ekki frekar en útgefið byggingarleyfi, er tekið skýrt fram að smáhúsin séu víkjandi fyrir öðrum áformum. Þau eru tímabundin lausn á brýnum húsnæðisvanda og hafa ekki áhrif á önnur áform á svæðinu eða heildarskipulag og stefnu fyrir Laugardal til framtíðar. Um er að ræða færanleg mannvirki þótt vissulega þurfi að fara í framkvæmdir vegna vatns, fráveitu og rafmagns.

Upplýsingar um tilvonandi íbúa smáhúsa eru ekki skipulagsmál.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um „Húsnæði fyrst“-hugmyndafræðina, vettvangs- og ráðgjafarteymið eða aðra velferðarþjónustu borgarinnar vísar skipulagsfulltrúi á velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Þá þarf vart að taka fram að reglur gilda um persónuvernd.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri